



Félag háskólakennara

8. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 2. febrúar 2022

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ármann Höskuldsson og Sævar Ingþórsson. Forföll boðaði: Pontus Eik Gunnar Jarvstad, Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. janúar 2021.
2. Tillaga að dagskrárliðum fyrir samráðsnefndarfund, sjá meðfylgjandi.
3. Fyrirspurn í tp. 24. janúar sl. vegna þátttöku í rannsókn um áhrifaþætti kulnunar í starfi.
4. Umbótastarf BHM.
5. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
6. Fréttir af BHM, ÍD.
7. Fyrirspurn frá Rúnari Vilhjálmssyni, formanni FPR, vegna vinnuáætlunar.
 - I. Staða skoðanakönnunar.
 - II. Svar BHM við reglum um viðbótarlaun (ef komið).

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. janúar 2022

Fundargerðin var samþykkt með leiðréttingum á stafsetningu (skúffuskal)

2. Dagskrárliðir fyrir samráðsnefndarfund 11. febrúar nk.

Baldvin sagði frá væntanlegum fundi í samráðsnefnd HÍ um kjaramál og lagði fram umræðuefni fundarins. Málið rætt og ákveðið að félagið legði til eftirfarandi umræðuefni á fundinum:

Kennsla og veikindi – talning (raundæmi til staðar)

Reglur vinnumatssjóðs, vegna þeirra sem hætta en ekki vegna eftirlauna. Meðferð þeirra sem eru nýjir

Könnun um styttingu vinnuvikunnar – staða mála

Reglur um viðveru – staða mála

Húsnæðismál, akademískir í opin rými (HFS og Hótel Saga)

Símamál, símastyrkir

Samgöngustyrkur, vinnan með það.

Starfsþróunarsjóður HÍ, veikindaréttur doktorsnema

Úttekt á veikindaréttindum, úttekt Ragnhildar (hefur hún minnkað í fjarvinnu?)

Úttekt á skrefinu. Lágur þröskuldur á stigum fyrir námskeið t.d. Hver eru næstu skref í endurbótum á skrefinu?

Prófskírteini, krafan um það frá stjórnslu

Fjöldatölur um stundakennara

3. Þátttaka félagsmanna í rannsókn um kulnun

Félaginu hafði fengið ósk frá Rögnu B. Garðarsdóttur, prófessor í félagssálfræði við Sálfræðideild HÍ um þátttöku félagsmanna í rannsókn á áhrifaþáttum kulnunar í starfi. Málið rætt og ákveðið að félagið taki þátt í könnuninni með það fyrir augum að fá að sjá niðurstöður hennar. Framkvæmdstjóra falið að svara erindinu.

4. Umbótastarf BHM

Baldvin sagði frá framvindu í starfi nefndar um umbótastarf hjá BHM.

5. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu

Berglind sagði frá því að lokadrög skýrslunnar liggur fyrir og endanleg skýrsla verður lögð fyrir háskólaráð á næstu dögum. Rektor hefur óskað eftir því að nefndin haldi áfram störfum og Berglind hefur samþykkt áframhaldi störf í nefndinni, fyrir hönd félagsins.

6. Fréttir af BHM

Til stendur að halda Stefnumótunarþing BHM 25. febrúar nk og framkvæmdastjóra falið að undirbúa þátttöku félagsins.

7. Erindi frá Rúnari Vilhjálmssyni, formanni FPR vegna vinnuaðstöðu akademískra starfsmanna.

Málið rætt og ýmsum sjónarmiðum velt upp. Ákveðið að taka málið upp í samráðsnefnd HÍ um kjaramál og þátttöku um opinn fund með FPR vegna húsnæðsmála.

Baldvin sagði frá ýmsum vanköntum um símamál félagsmanna og ákveðið var að taka það jafnframt upp í samráðsnefnd HÍ um kjaramál, ásamt samgöngustyrkjum.

Önnur mál:

i) Staða skoðanakönnunar Félags háskólakennara.

Fyrir fundinn lágu drög að skoðanakönnuninni. Málið rætt og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar ásamt uppsetningu. Ákveðið að leggja hana fyrir félagsmenn sem þann 7. febrúar nk.

ii) Svar BHM við reglum um viðbótarlaun.

Svar hefur ekki borist.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:25

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 2. mars 2022.